Stella Stefánsdóttir (1923-2014), sjúkraliði, Akureyri

Afhending 2013/96

Stella Stefánsdóttir var fædd 8. október 1923.
Hún fæddist í Bryggjuhúsinu á Akureyri en ólst upp í Hinrikshúsi á Eyrinni.

Foreldrar Stellu voru Stefán Hinriksson, f. á Reyðarfirði 1898, en hann fórst með Dettifossi árið 1945, vélstjóri, og Guðrún Einarsdóttir, f. á Hæringsstöðum í Svarfaðardal 1899, d. 1985, húsfreyja.

Hún var vökukona við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri frá 1956 til 1966 en það ár fer hún í sjúkraliðanám og starfar sem slíkur til ársins 1990, þá sat hún um tíma í stjórn Sjúkraliðafélagsins á Akureyri.

Stella starfaði lengi vel með kvenfélaginu Hlíf og Mæðrastyrksnefnd á Akureyri.

Hún var gift Gunnari Konráðssyni og áttu þau saman 14 börn, árið 1948 fluttu þau að Lækjargötu 22. En Stella flytur svo að Mýrarvegi 117 þar sem hún bjó til æviloka.

Stella lést úr skammvinnum veikindum á Landspítalanum í Fossvogi þann 27. janúar 2014

Afhendingin barst frá Stellu Stefánsdóttur sjálfri. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru G-258 og 2014/23

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
5. febrúar 2026

Þuríður Jóna Steinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
				2013 / 96

A-Stella Stefánsdóttir

A-Stella Stefánsdóttir 1937 - 1980

A	1	1	1937 - 1980	Félagsskírteini Jóns Hinrikssonar í Vélstjórafélagi Akureyrar (1946-1949); viðskiptabók frá Jóni Hinrikssyni 1937-1939.; Dreifibréf frá Alberti Guðmundssyni vegna framboðs hans til forseta íslands árið 1980, stílað á Gunnar Konráðsson og fjölsk.